

Ársfundur Austurbrúar 2018 í samræmi við 7. gr. skipulagsskrár haldinn á Hótel Bláfelli, Breiðdalsvík, þriðjudaginn 20. mars 2018 kl. 10:00.

Dagskrá:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Afgreiðsla ársreikninga.
- 3) Fjárhags- og starfsáætlun kynnt.

Liðum 4-6 er frestað til framhaldsársfundar sem fer fram þann 25. september 2018 skv. bókun stjórnar Austurbrúar þann 27. febrúar 2018.

- 4) Breytingar á skipulagsskrá (ef við á).
- 5) Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses. (ef við á).
- 6) Kosningar
 - a. Kjör stjórnar
 - b. Kjör endurskoðenda
 - c. Kjör starfsháttanefndar
 - d. Kjör siðanefndar
- 7) Ákvörðun um þóknun stjórnar
- 8) Önnur mál

Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar, setti fundinn og bauð gesti velkomna. Hún lagði til að Hilmar Gunnlaugsson yrði fundarstjóri og Jóney Jónsdóttir fundarritari og var það samþykkt. Alls voru um 35 fundargestir, þar af 11 atkvæðisbærir fulltrúar fyrir 12 aðila¹. Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag fundarins, þ.e. að þetta væri opinn fundur en ákveðnir aðilar hefðu atkvæðisrétt og því með sérstakt spjald í fundargögnum til að greiða atkvæði. Fundurinn var boðaður með sérstöku bréfi til stofnaðila, á vef Austurbrúar, auglýstur á vef Austurfréttar og í Dagskránni. Fundurinn telst löglega boðaður og voru ekki gerðar athugasemdir við boðun hans. Fundurinn fer eftir dagskrá skv. 7. gr. skipulagsskrár Austurbrúar. Að þessu gerðu var gengið til dagskrár.

1. **Skýrsla stjórnar.** Jón Björn Hákonarson, formaður stjórnar Austurbrúar bauð fundarmenn velkomna og kynnti skýrslu stjórnar. Hann þakkaði stjórnarmönnum

¹ Atkvæðisbærir fulltrúar á fundinum: AFL-Starfsgreinafélag Austurlands, Borgarfjarðarhreppur, Djúpvogshreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað, Háskóli Íslands, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Samtök atvinnulífsins, Skorrahestar, Verkmenntaskóli Austurlands, Vopnafjarðarhreppur.

góð störf. Tekist hefði að snúa slæmum fjárhag stofnunarinnar við og tapað eigið fé hefur verið unnið upp. Hann þakkaði það einkum framkvæmdastjóra og starfsfólki. Verkefnin hafa verið næg og stofnunin gegnir mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Mörg verkefnanna hafa skilað miklu inn í austfirskt samfélag. Í því samhengi nefndi hann áherslu á Egilsstaðaflugvöll sem millilandaflugvöll og innanlandsflug sem almenningsamgöngur. Helstu verkefnin sem taka of mikinn tíma eru samskipti við ríkisvaldið og þá sem stjórna fjármagninu. Krónutala þarf að hafa vísitölutryggingu. Væntingar standa til að ný byggðaaáætlun breyti þessari stöðu. Austurbrú og Samband sveitarfélaga á Austurlandi hafa unnið náið saman og formaður telur það af hinu góða og að sú samvinna efli Austurland og slagkraftinn. Að lokum þakkaði hann starfsfólki Austurbrúar fyrir vel unnin störf, það hafi lagt sín lóð á vogarskálarnar og skilað góðu verki sem endurspeglast í ársreikningnum. Fundarstjóri greindi frá því að umræða um skýrslu stjórnar yrði tekin eftir kynningu ársreikninga.

- 2. Kynning ársreikninga.** Magnús Jónsson frá KPMG fór yfir ársreikninga. Vinna KPMG er í samræmi við endurskoðunarstaðla. Áritun KPMG er fyrirvaralaus. Rekstrartekjur voru 356 milljónir og rekstrargjöld 317 milljónir. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 36 milljónir króna, eigið fé er jákvætt um 2,4 milljónir króna. Heildareignir námu 135 milljónir. Heildarskuldir í árslok námu samtals 133 milljónum króna, þar af eru 121 milljón til greiðslu á árinu 2018. Veltufé frá rekstri er jákvætt sem nemur 39 milljónum króna.

Að öðru leyti lá reikningurinn fyrir til umræðu og samþykktar eftir atvikum.



Rekstrarreikningur 2017:

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur:			
Framlög	4	158.989.360	155.003.983
Aðrar tekjur	4	197.476.111	166.799.344
		<u>356.465.471</u>	<u>321.803.327</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	5	184.289.241	177.466.281
Aðrar rekstrarkostnaðir		133.091.383	104.483.200
		<u>317.380.624</u>	<u>281.949.481</u>
Rekstrarmáurstaða án afskrifta og hreins fjármagnsgjalds		39.084.847	39.853.846
Afskriftir	3.7	(2.989.552)	(5.547.420)
Rekstrarmáurstaða án fjármunategna og fjármagnsgjalds		36.095.295	34.306.426
Hreinar fjármunategjur (fjármagnsgjöld)	6	19.426	(1.903.180)
Rekstrarmáurstaða ársins	10	<u>36.114.721</u>	<u>32.403.246</u>

Eignir:

Efnahagsreikningur

	Skýr.	2017	2016
Eignir			
Festafjármunir:			
Verulegir rekstrarfjármunir:			
Skrifstofubúnaður		3.664.894	4.371.182
Bílfreiðar		4.298.100	3.047.167
	3.7	<u>8.162.994</u>	<u>7.418.349</u>
Áhæstuþjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félagum og stofnframlög	6	340.000	340.000
		<u>340.000</u>	<u>340.000</u>
		8.502.994	7.758.349
Veftufjármunir:			
Skammtímakröfur:			
Væðskiptakröfur	3f	35.043.617	31.181.802
Þyrri fram innihæmtur kostnaður		39.710	11.409
Aðrar skammtímakröfur		1.055.302	0
Hæðbætt fé	3h	90.636.530	38.741.661
		<u>126.775.159</u>	<u>69.934.872</u>
		135.278.153	77.693.221
Eignir samtals:		<u>135.278.153</u>	<u>77.693.221</u>



Eigið fé og skuldir:

31. desember 2017

Eigið fé og skuldir		Skr.	2017	2016
Eigið fé:				
Stofnfé			1.600.000	1.600.000
Óráðstafað (þjálfnað) eigið fé			835.289	(35.279.452)
	10		<u>2.435.289</u>	<u>(33.679.452)</u>
Skuldbindingar:				
Skuldbinding vegna Vaxtasamnings Austurlands			3.903.095	5.403.095
Langtímaskuldir:				
Skuldbréfalein		11	8.313.542	17.392.551
Skammtímaskuldir:				
Vilðskiptaskuldir			29.041.966	18.976.732
Næste árs eftborgunir langtímaskulda		11	9.168.762	9.135.690
Fyrirframinnhæmtar tekjur vegna verkefna			37.082.196	16.002.187
Aðrar skammtímaskuldir			45.333.323	44.462.418
			<u>120.626.247</u>	<u>88.577.027</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals			<u>132.642.884</u>	<u>111.372.673</u>
Eigið fé og skuldir samtals			<u>135.278.153</u>	<u>77.693.221</u>



Sjóðstremisýfirlit:

Sjóðstremisýfirlit 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarmóðurstæða (þekktá) ársins	10	38.114.721	32.403.246
Rekstrarmóðir sem tafa eitt ári á fjárfestingum			
Afskiptir	7	2.989.552	5.547.420
Verðbætur og gengismunur skulda		36.490	72.146
Veitt fé frá rekstri		39.140.763	38.022.612
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Vörubergir, (þækkun) þekktur		0	356.305
Skammtimarkröfur, (þækkun) þekktur	1	4.945.418	5.293.607
Skammtimarkröfur, þekktur (þækkun)		32.015.148	1.759.627
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		27.070.730	3.890.065
Handbætt fé frá rekstri		66.211.493	41.912.097
Fjárfestingarhreyfingar:			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	7	3.734.197	3.564.243
Fjárfestingarhreyfingar		3.734.197	3.564.243
Fjármögnunarskýringar:			
Skuldbindingar vegna Vaxtasamnings, áreiting	1	1.500.000	1.700.000
Afbæturin langtímalína	1	9.082.427	9.769.900
Fjármögnunarskýringar		10.582.427	11.469.900
Hækkun á handbæru fé		51.894.869	26.876.675
Handbætt fé í upphafi árs		36.741.661	11.652.986
Handbætt fé í árslok		90.636.530	38.741.661

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Páll Björgvin Guðmundsson lýsti ánægju sinni með niðurstöðu ársreikningsins. Hann hrósaði stjórninni fyrir vaska framgöngu í því að rétta fjárhaginn af. Einnig þakkaði hann framkvæmdastjóranum sín störf.

Hjördís Sigurbórsdóttir frá Afli bað um upplýsingar um fræðsluvið Austurbrúar og spurði af hverju framlag til menntamála hefði staðið í stað. Hún spurði einnig hvort háskólastarfsemi og menntamál væru helmingur af starfsemi Austurbrúar eins og ársreikningurinn gæfi til kynna.

Jóna Árný framkvæmdastjóri svaraði því að menntamál og fræðsla væru um helmingur af starfsemi Austurbrúar. Hún taldi fræðsluviðið ekki nægilega rétt fjármagnað af ráðuneyti. Undanfarið ár hefði verkefnum á fræðsluviði fjölgað.

Fundarstjóri bar ársreikninginn upp og var hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.



3. **Fjárhags- og starfsáætlun kynnt.** Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhags- og starfsáætlun ársins 2018. Hún sagðist hafa skoðað eldri ársfundargerðir til að líta yfir farinn veg því oft vildi gleymast það sem hefði áunnist. Í þeim fundargerðunum skína í gegn ákveðin vonbrigði um stöðu stofnunarinnar í sambland við trú á verkefni hennar og framtíðina. Á árinu 2014 hefði fjárhagsstaðan vægast sagt verið mjög þröng og Grettistak þurfti til að ná utan um stöðuna. Þrátt fyrir erfiða fjárhagsstöðu lifði hugmyndafræðin um öfluga Austurbrú. Unnið hefur verið öflugt starf þrátt fyrir bága fjárhagsstöðu en enn er svolítið í land til að hægt sé að segja að allt sé í réttum farvegi. Ljóst er að niðurstaða 2017 verður ekki endurtekin 2018. Aðhald kostar alltaf og ekki er hægt að halda því annað árið í röð. Mörg verkefni eru í deiglu og þau kalla á aukinn mannafla. Framkvæmdastjóri sagði einnig ánægjulegt að Austurbrú er treyst fyrir verkum fyrir Austurland. Hún fór yfir fjárhagsáætlun ársins 2018 sem samþykkt var á stjórnarfundum þann 12. desember 2017. Um 55% tekna Austurbrúar koma beint eða óbeint frá ríkinu. Verkefni taka til sín töluvert af fjármagni sem ekki er mælt í stöðugildum því stór hluti af menntastarfsemi er rekin með kaupum á verktakaþjónustu. Menntamál eru stærsti málaflokkurinn með tæpan helming af starfsemi stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að 25 einstaklingar muni starfa í 22,5 stöðugildum á árinu. Launakostnaður er stærsti gjaldaliðurinn. Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir 4 millj. kr. rekstrarhalla á árinu 2018. Vonir standa til að varanlegar lausnir finnist gagnvart fjármögnun stofnunarinnar af hálfu ríkis og sveitarfélaga. Ljóst er að í dag er búið að hanna skipulag sem virkar og mögulegt að halda fjárhagnum réttu megin við 0. Starfsáætlunin markast af þeim verkefnum sem stofnunin hefur gert samninga um.

Starfsáætlun Austurbrúar markast af þeim verkefnum sem hún er með samninga um. Framkvæmdastjóri tæpti á nokkrum verkefnum, bæði kjarnaverkefnum og sértækum verkefnum, en ekki var um tæmandi upptalningu að ræða.

- Fræðslumálin eru eins og áður stór hluti af starfsemi Austurbrúar. Háskólanemar í fjarnámi, Stóriðjuskólinn og aðrar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins o.s.frv. Þetta eru verkefni sem fjöldi Austfirðinga nýtur góðs af. Mikilvægt er að gefa ekki eftir í baráttunni fyrir aukinni menntun á Austurlandi. Nauðsynlegt er að standa vörð um fræðslustarfsemi Austurbrúar og tryggja að hún fái það fjármagn sem hún þarf til að geta staðið undir þörfum og væntingum íbúa svæðisins. Í fyrra var farið í átak í kynningu á gerð fræðsluáætlana og er nú töluvert eftirspurn eftir gerð þeirra hjá fyrirtækjum og stofnunum á Austurlandi. Nú er lagt allt kapp á að svara þeirri eftirspurn og má segja að aukning sé á milli ára. Málþingið í kjölfar ársfundarins sýnir að áskoranirnar í þessu umhverfi eru margvíslegar og allt í kringum okkur og mikilvægt að við stígum þessa öldu öll saman. Stephen Hawking, sá mikli hugsuður, sagði eitt sinn að „vitsmunir væru getan til að aðlagast breytingum“. Það mun vissulega reyna á þetta á næstunni.



- Markaðsmál Austurbrúar hafa tekið mið af uppbyggingu áfangastaðarins Austurlands í víðum skilningi. Mikilvægt er að laða að nýja íbúa, ný fyrirtæki sem og ferðamenn. Stöðug uppbygging mannauðs og atvinnulífs á svæðinu er vænlegust til árangurs og í því skyni hefur verið endurhannað aðildaumhverfi Austurbrúar undir merkjum Austurlands* - samstarfssamningar. Það er von okkar að með þeim breytingum náist breiðari þátttaka í verkefnum á þessu sviði. Fjöldmörg verkefni hafa vakið athygli undanfarin misseri. Stefnt er að því að svokölluð áfangastaðaáætlun sem unnin er eftir forskrift ferðamálastofu líti dagsins ljós í byrjun maí.
- Á árinu 2018 verður áframhaldandi áhersla á uppbyggingu millilandaflugs um Egilsstaðaflugvöll. Einnig verður áfram lögð áhersla á að vinna að lausnum er varða verðlag í innanlandsflugi og umræðum um skilgreiningu þess sem almenningssamgöngur.
- Menningarmál er eitt af því sem einkennir Austurland og er sterkt og fjölbreytt menningarumhverfi ein af undirstöðum samfélaga þar sem fólki líður vel og það vill búa. Austurbrú nýtir hvert tækifæri til að hvetja til og styðja fjölbreytt og öflugt menningarlíf. Vonir standa til að farið verði af stað með áhersluverkefni á sviði barnmenningar og fullveldisafmælis á þessu ári.
- Tilkoma Sóknaráætlunar Austurlands og Uppbyggingarsjóðs Austurlands hefur búið til nýja farvegi fyrir stefnumótun og styrki til umhverfis menningar og frumkvöðla. Töluverð þróun hefur átt sér stað og enn frekari vinna verður í samstarfi við Stýrinet stjórnarráðsins í þessum málaflokki og þá sérstaklega hvað varðar umsóknar- og úrvinnslufarveginn.
- Starfsemi SSA er í fullum gangi og mikil samskipti á milli eininganna tveggja – Austurbrúar og SSA eins og verið hefur undanfarin ár.
- Rannsóknarstarf þarf að efla í fjórðungnum og er ekki úr vegi að minnast þess að Byggðastofnun sjálf gaf það út fyrir nokkrum árum að um 500 millj. vantaði í fjórðunginn til að hann stæði jafnfætis öðrum í þessum málum. Aukið rannsóknarfé í landshlutann og nýting fyrirtækja og stofnana á því rannsóknarafli sem til er í landshlutanum er mikilvægt. Það er von mín að við komumst áfram með þau fjöldmörgu rannsóknarverkefni sem við höfum þörf fyrir í landshlutanum en mikilvægt er að við höldum áfram baráttunni fyrir aukinni hlutdeild í rannsóknum á Austurlandi á öllum sviðum.
- Unnið er að verkefni á sviði orkuskipta á Austurlandi og hafa ýmis áhugaverð verkefni lítið dagsins ljós. Verkefninu er ætlað að stuðla að auknum rannsóknum og uppbyggingu á orkuinnviðum Austurlands með það að leiðarljósi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Tveir meistaranemar unnu á síðasta ári verkefni sín í samstarfi við Austurbrú og eru fleiri slík verkefni fyrirhuguð á þessu ári.



- Unnið er að fjölmörgum öðrum verkefnum. Mönnum er bent á að kynna sér ársskýrsluna 2017 og fylgjast með heimasíðu og Facebook síðu stofnunarinnar.

Fundarstjóri gaf orðið laust um fjárhags- og starfsáætlun. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Liðir 4-6

Jón Björn Hákonarson, formaður stjórnar Austurbrúar, flutti eftirfarandi tillögu:

Tillaga fyrir Ársfund Austurbrúar ses þann 20. mars 2018

Í samræmi við tillögu starfsháttanefndar til stjórnar þess efnis leggur stjórn Austurbrúar til að skipulagsskrárbundnum dagskrárliðum ársfundar númer 4., 5. og 6. frestað og haldinn verði framhaldsársfundur í haust eftir aðalfund SSA þar sem þessir dagskrárliðir verði teknir fyrir:

- 4) Breytingar á skipulagsskrá (ef við á)
- 5) Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses. (ef við á)
- 6) Kosningar:
 - A. Kjör stjórnar
 - B. Kjör endurskoðenda
 - C. Kjör starfsháttanefndar
 - D. Kjör siðanefndar

Stefnt skal að því að halda framhaldsársfund Austurbrúar þann 25. september 2018.

Samþykkt á fundi stjórnar Austurbrúar þann 27. febrúar 2018

Jón Björn sagði frá aðdraganda og ástæðum tillögunnar sem er til komin vegna sveitarstjórnarkosninga sem framundan eru. Stjórn Austurbrúar taldi því rétt að fresta þessum liðum ársfundarins.

Fundarstjóri bar tillöguna upp og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. **Ákvörðun um þóknun stjórnar.** Skúli Björn Gunnarsson kynnti svohljóðandi tillögu starfsháttanefndar.



Tillaga fyrir Ársfund Austurbrúar ses þann 20. mars 2018

Starfsháttanefnd Austurbrúar leggur til að þóknun stjórnar fyrir setna fundi verði kr. 23.870 fyrir stjórnarmann og 47.740 fyrir formann stjórnar. Er hækkun þóknunar frá fyrra ári 3% í samræmi við hækkun skv. kjarasamningum sem stofnunin er aðili að.

Samþykkt hjá starfsháttanefnd Austurbrúar 19. mars 2018

Tillaga starfsháttarnefndar segir til um að laun fyrir stjórnarsetu í Austurbrú verði óbreytt en taki mið af hækkun kjarasamninga (u.þ.b. 3% hækkun). Fundarstjóri bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum góðan fund og frestaði fundi til hausts.

Fundi var frestað kl. 10.50.



